

AÐALFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2015, mánudaginn 27. apríl var haldinn aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur vegna ársins 2014.

Fundurinn var haldinn á efri hæð veitingastaðarins Sólun, Bankastræti 7a. í Reykjavík og hófst kl. 13:00.

Þessi sátu fundinn: Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fyrir Reykjavíkurborg, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri fyrir Akraneskaupstað og Kolfinna Jóhannesdóttir sveitarstjóri fyrir Borgarbyggð.

Einnig sátu fundinn stjórnarmennirnir Haraldur Flosi Tryggvason, Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Valdís Eyjólfsdóttir, Kjartan Magnússon og Marta Guðjónsdóttir. Einnig Bjarni Bjarnason forstjóri, Guðmundur I. Bergþórsson innri endurskoðandi, Rannveig T. Kristinsdóttir forstöðumaður reikningshalds Orkuveitu Reykjavíkur og Krístrún Helga Ingólfssdóttir lögg. endurskoðandi frá KPMG.

Þetta gerðist:

Ákveðið að fundarstjóri og fundarritari yrði Elín Smáradóttir.

1. Formaður stjórnar, Haraldur Flosi Tryggvason, flutti skýrslu stjórnar og lagði fram Ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2014.
2. Umhverfisskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2014 lögð fram.
3. Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur 2014 lagður fram til staðfestingar. Reikningurinn var samþykktur, undirritaður af stjórn og forstjóra og áritaður af endurskoðendum á fundi stjórnar 23. mars 2015.

Reikningurinn staðfestur.

Borgarstjóri og bæjarstjóri þakkaði starfsfólki fyrir vel unnin störf.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga um arðgreiðslur:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur samþykkt að leggja til við aðalfund að ekki verði greiddur arður fyrir árið 2014. Tillagan er í samræmi við samþykka aðgerðaáætlun Orkuveitu Reykjavíkur og eigenda, dags. 29. mars 2011.

Samþykkt.

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga stjórnar, að fenginni tillögu starfskjaranefndar, um þóknun stjórnarmanna:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur samþykkt að leggja til við aðalfund að stjórnarlaun ársins 2014 verði kr. 131.125 á mánuði fyrir aðalmann og tvöföld sú fjárhæð fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði kr. 36.715 á fund.

Jafnframt samþykkt að frá og með aðalfundi verði heimilt að greiða upp í laun ársins 2015 kr. 139.386 á mánuði fyrir aðalmann og tvöfalt fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði kr. 39.028 á fund.

Samþykkt.

Einnig var svohljóðandi tillaga um þóknun fyrir störf í starfskjaranefnd stjórnar lögð fram: Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur samþykkt að leggja til við aðalfund að laun til nefndarmanna í starfskjaranefnd verði fyrir árið 2014 fyrir formennsku 495 þúsund en öðrum nefndarmönnum verði greiddar 330 þúsund kr.

Jafnfram samþykkt að frá og með aðalfundi verði heimilt að greiða fyrirfram vegna ársins 2015 kr. 39.028 á fund, og tvöföld sú fjárhæð fyrir formann.

Samþykkt.

6. Kjöri stjórnar lýst.

Borgarstjórn Reykjavíkur kaus þessa fulltrúa, skv. fundargerð borgarstjórnar 16. júní 2014. Borgarstjóri lýsti því yfir að ákvörðunin stæði óbreytt:

Aðalmenn:

Haraldur Flosi Tryggvason, Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Kjartan Magnússon og Áslaug Friðriksdóttir.

Varamenn:

Auður Hermannsdóttir, Margrét Björnsdóttir, Páll Gestsson, Marta Guðjónsdóttir og Halldór Halldórsson.

Formaður var kjörinn Haraldur Flosi Tryggvason.

Varaformaður var kosin Brynhildur Davíðsdóttir.

Lagt fram bréf bæjarstjóra, dags. , um kosningu fulltrúa Akraneskaupstaðar.

Aðalmaður:

Valdís Eyjólfsdóttir.

Varamaður:

Einar Brandsson.

Lagt fram bréf Borgarbyggðar, dags. 20. apríl 2015 um kjör áheyrnarfulltrúa Borgarbyggðar.

Aðalmaður:

Björn Bjarki Þorsteinsson.

Varamaður:

Helgi Haukur Hauksson.

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga stjórnar, um endurskoðanda Orkuveitu Reykjavíkur:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur samþykkt að leggja til við aðalfund að KPMG hf. endurskoðunarfyrtæki verði kosið endurskoðunarfélag Orkuveitu Reykjavíkur árið 2015.

Samþykkt.

8. Liðurinn staðfesting arðgreiðslustefnu tekinn af dagskrá.

9. Önnur mál.

Borgarstjóri vísaði til bókunar á eigendafundi í nóvember sl. varðandi fráveituframkvæmdir í Borgarbyggð og upplýsti að mál er varða eignarhlut Borgarbyggðar í fyrirtækinu verði til umræðu áfram.

Bæjarstjórinn á Akranesi og sveitarstjóri Borgarbyggðar minntu á ástand fráveitumála á Vesturlandi og leggja áhersla á að þeim verði flýtt sem kostur er. Jafnframt var lýst ánægju með að fráveituframkvæmdir séu nú að hefjast á Vesturlandi.


Fleira gerðist ekki og fundi slitið kl. 13:20.



Dagur B. Eggertsson



Kolfinna Jóhannesdóttir



Regína Ásvaldsdóttir